

An abstract painting of a landscape. The background is a vibrant teal with fine, golden-yellow speckles. In the middle ground, three jagged, dark purple mountains rise from a flat, light purple and teal expanse. The foreground is a broad, textured band of magenta and pink, suggesting a field or a body of water. The overall style is expressive and painterly.

Safnasafnið

Icelandic Folk and Outsider Art Museum

2025

30 ÁRA
YEARS

Safnið

Verið velkomin í Safnasafnið á 30 ára afmælisári safnsins. Sýningaraðstaðan okkar samanstendur af gamla barnaskólanum, sem jafnframt var þinghús Svalbarðshrepps á árum áður, og kaupfélagshúsinu Gömlubúð sem reist var árið 1900 á Svalbarðseyri en flutt á safnlóðina og endurgert. Þessi tvö virðulegu hús voru tengd saman með nútímalegri viðbyggingu og hafa frá árinu 2007 verið umgjörð fjölmargra áhugaverðra sýninga í 10 misstórum söllum. Skipt er um sýningar á hverju ári og verk úr safneign sett upp með nýjum áherslum í samspili við verk boðslistamanna. Áhersla er lögð á að mynda skapandi flæði milli listaverka og sýningarsala og nýjar sjónlínur sem laða fram einstaka upplifun.

Í tilefni af afmælisárinu tökum við í gagnið nýja bókastofu á efri hæð safnsins og nýja kaffiaðstöðu niðri í Blómastofu, þar sem gestum er velkomid að tylla sér og þiggja hressingu. Safnasafnið stendur við Þjóðveginn ofan við Svalbarðseyri, austan megin við Eyjafjörð, aðeins í um 10 mínútna akstur frá Akureyri.

The Museum

Welcome to the Icelandic Folk and Outsider Art Museum. Our exhibition spaces consist of two adjoining vintage buildings connected to our local history; one is the former elementary school and community centre, while the other was built in 1900 to house the district's first co-operative store. The museum has 10 separate galleries of various sizes. Each year there is a new set of exhibitions, featuring works from the collection in interaction with visiting works of art. The emphasis is on creative flux between artworks and artists, new perspectives and evoking a unique experience.

To mark the museum's 30th anniversary, we opened a new and improved library upstairs and an area downstairs in the Flower Room for visitors to relax and have some refreshments. The museum is located in North Iceland, near the village of Svalbarðseyri, a 10 minute drive from the town of Akureyri.



Sagan

Safnasafnið var stofnað 1995 af þeim Nielsi Hafstein og Magnhildi Sigurðardóttur. Stofnendur hafa í rúm 30 ár safnað af ástríðu verkum helstu alþýðulistamanna landsins, listamanna sem af ýmsum ástæðum hafa verið á jaðrinum eða utanveltu við meginstrauma, stundum kallaðir *næfir* eða *einfarar* í myndlist, en eru í raun beintengdir sköpunarverkinu; sannir, óspilltir og frjálsir. Einnig lítur safnið til lærðra listamanna sem fara sínar eigin leiðir í listsköpun og falla þannig að sýninga- og söfnunarstefnu Safnasafnsins. Gengið er út frá því að verk allra listamanna í safneign og á sýningum standi á jafnréttisgrunni. Safneignin geymir verk eftir um 300 listamenn, bæði lærða og sjálflærða, allt frá miðri nítjándu öld til dagsins í dag.

The History

The Icelandic Folk and Outsider Art Museum was founded in 1995 by Niels Hafstein and Magnhildur Sigurðardóttir. For over 30 years the founders have been passionately committed to collecting artworks by artists who have been seen as outside the cultural mainstream. These are sometimes called *naïve* or outsider artists but in fact they have a real and direct connection to an original creative spirit; true, unspoiled and free. The museum is unique in Iceland, initially collecting artworks by all major contemporary folk artists and autodidacts in Iceland, while also gradually acquiring an excellent collection of art by professional contemporary artists. All the artworks presented are on an equal footing. The core collection consists today of artworks and sketches by over 300 artists, dating from the mid-19th century to the present.



Útilistaverk

Ýmsir listamenn

Fjölbreytileg verk eru til sýnis á hlaði safnsins og í kringum húsin. Sýningin utandyra er varanleg en í stöðugri þróun og tekur breytingum á hverju ári. Ný verk sem best hafa í þennan glæsta hóp í ár eru viðbætur við *Frumskógarlíf* Helga Valdimarssonar, þar eru stökkvandi gaupa, hýena og Jane, eiginkona Tarzans, með barn.

Safnasafnið efnir á hverju ári til samstarfs við Valsárskóla, grunnskóla Svalbarðs-strandarhrepps, en samstarfið var orðað á fyrstu opnun safnsins vorið 1998. Starfinu er ætlað að efla listrænan áhuga og hugmyndaflug barnanna frá unga aldri. Í ár unnu nemendurnir verk sem bera titilinn *17 sortir* og eru til sýnis í gördunum í kringum safnið.

Art Outdoors

Various artists

A variety of sculptures are on display in the museum's forecourt and around the buildings. It is a permanent, but constantly evolving exhibition of outdoor artworks. New to this splendid group, we have additions to Helgi Valdimarsson's *Jungle Life*: a leaping lynx, a hyena and Jane, Tarzan's wife, with a child.

Every year, the museum collaborates with the elementary school of the neighbouring village of Svalbarðseyri. The collaboration was announced at our first opening in the spring of 1998. It's intended to encourage the children's artistic interest and imagination from an early age. This year, the students created works titled *17 Assortments*, which are on display in the gardens around the museum.



Anddyri

Úr garði listamannsins

Árið 1958 byrjaði Ragnar að móta listaverk úr járnbentri steinsteypu sem hann málaði og kom fyrir í garði fjölskyldunnar í Eikjuvogi í Reykjavík. Þau eru innblásin af þjóðsögum og helgisögum, lýsa baráttu góðs og ills en einnig vinnulagi hverfandi sveitalífs.

Verkin sem eru til sýnis bæði innandyrna og fyrir utan safnið eru *Frelsarinn, Kölski, Leikur vorsins, Josephine Baker, Útigangsmaður, Móðurást, Tveir sláttmenn, Reiðmaður, Mjaltakona, Smali, Heyband, Fósturlandsins Freyja, Bjarni Jónasson frá Alviðru og Trésmiður*.

Ragnar Bjarnason
(1909–1977)

Entrance

From the Sculptor's Garden

Bjarnason began creating sculptures from reinforced concrete in 1958 that he painted and displayed in his family garden. They're inspired by folk tales and legends, and depict the struggle between good and evil as well as rural life in bygone days.

The works on display both indoors and outside, include *The Savior, The Devil, Spring Game, Josephine Baker, The Outlaw, Mother's Love, Two Haymakers, Horseman, Milkmaid, Shepard, Haymaking, The Goddess of the Homeland, Bjarni Jónasson from Alviðra and The Carpenter*.



Anddyri

Innsta lagið (Eilífðarkúlan) er gjörningur sem samanstendur af lagskiptri súkkulaðikúlu, tónlist og hljóði í lifandi flutningi og kóreógrafíu. Verkið er þátttökugjörningur þar sem safngestum var boðið að taka þátt. Verkið var flutt við opnun afmælissýninga safnsins þann 11. maí. Súkkulaðikúlan og keramikflautur ásamt myndefni eru til sýnis út sýningartímabilið.

Hrefna Lind Lárusdóttir

Huginn Þór Arason

Tónlist og keramikflautur gerðar í sam-

vinnu við Berglindi Mariú Tómasdóttur

Music and ceramic flutes made in collaboration with Berglind María Tómasdóttir

Entrance

The Innermost Song (The Eternity Ball)

is a cross-disciplinary work consisting of a layered chocolate ball, music and sound in a live performance and choreography. Guests were invited to participate during the event. The work was performed at the opening of the museum's anniversary exhibitions. The chocolate ball and ceramic flutes as well as visuals will remain throughout the exhibition period.



Blómastofa

Sveitalíf

Börn léku sér áður fyrr að beinum og hornum af sauðkindinni og Laufey var þar engin undantekning. Hún gat þekkt einstakar kindur úr fjarska af svip þeirra, látbragði og göngulagi og gat hermt eftir þeim. Sem barn gerði hún klippimyndir af kindum og húsdýrum og þegar hún var komin á efri ár tók hún aftur upp þessa iðju. Laufey teiknaði dýrin ekki upp heldur lét skærin leiða sig áfram til að draga fram formin. Hún klippti út dýr og fólk og litaði figúrnar sínar. Árlega efnir Safnasafnið til samstarfs við Álfaborg, leikskóla Svalbarðsstrandarhrepps. Í ár eru verk barnanna innblásin af verkum Laufeyjar og íslensku sveitalífi.

Laufey Jónsdóttir

Álfaborg leikskóli / Preschool

Flower Room

Country Life

In the past Icelandic children played with the bones and horns of sheep and Jónsdóttir was no exception. She was able to identify individual sheep by their expression or gait from a far. As a child she would make cutouts of sheep from paper or card, never outlining them beforehand, but guiding a scissors spontaneously. Later in life she again took up making cutouts of people, sheep and lambs, horses, dogs and cats. These artworks are an illustration of the Icelandic way of life in bygone days. Every year we collaborate with Álfaborg, the kindergarden in the district of Svalbardsstrond. This year their work is on display in the Flower Room. It was inspired by Jónsdóttir and Icelandic farm life.



Að búa eitthvað skringilegt til

Á grænlensku eru orðin „eqqumiitsuli-orneq“ og „pinngorartitsineq“ notuð yfir hugtakið list. Bein þýðing væri að *búa til eitthvað sem lítur skringilega út og að skapa stöðugt*. Safnasafninu barst árið 2014 vegleg gjöf gripa úr einkasafni sem bera sannarlega flaumi sköpunar vitni. Túpilakar skornir í bein, horn eða stein, manneskur við störf, konur með börn og trommuleikarar, dýr og bátar og litríkur perlusaumur prýða sýninguna og nokkrir nytjahlutir í bland. Þessu safni er stillt upp til að gleðja augað og veita innsýn í ímyndunarafli og sköpunargleði nágranna okkar til vesturs.

Óþekktir höfundar

Unknown artists

To Make Something Strange

In Greenlandic, the words for art are *eqqumiitsuliorneq* and *pinngorartitsineq*. A direct translation would be *to make something that looks strange and to constantly create something*. The museum received a generous donation of artefacts from a private collection in 2014 that certainly bears witness to this flow of creativity. It consists of multiple examples of a small mythical creature known as a *tupilaq*, carved in bone, horn, stone and wood. The exhibition also has examples of Greenland's iconic colourful beadwork, as well as a few figurines, and utilitarian objects to provide a glimpse into the imagination and artistry of our neighbours to the west.



Brúðustofa

Brúðustofan hefur til sýnis brúður klæddar búningum frá flestum heimshornum. Brúðurnar á sýningunni eru um 400 talsins, en í safneign eru töluvert fleiri. Gaman getur verið að skoða menningarbúninga annarra landa og athuga í leiðinni hvort það leynist ekki brúða frá heimaslóðum áhorfenda í einni hillunni. Sýningin er í stöðugri þróun og því er í afgreiðslunni vel tekið á móti ábendingum og upplýsingum sem tengjast sýningunni.

Óþekktir höfundar

Unknown makers

Doll Room

The Doll Room showcases dolls dressed in costumes from most corners of the world. There are about 400 dolls on display, but there are significantly more in the collection. It can be delightful to explore the cultural attire of the various countries, and in the process, see if there are dolls from the viewers' own homeland. The exhibition is continuously evolving. Feedback and information related to the doll collection are well received at the reception.



Norðursalir

Skapað úr safnkosti

Sónata í 7 dúr, glær, hvít, blá, brún og svört með gullnum og silfrðuðum blæbrigðum. Sýningin fjallar um ólíka hugmyndafræði, aðferðir og tækni en verkin laðast samt hvert að öðru. Hún vísar til opnunar safnsins 1998 en þá var í fyrsta skipti í sögu íslenskrar myndlistar teflt saman nútíma-myndlist, alþýðulist, fjöldaframleiddri vöru, náttúrugripum, ljósmyndum og handverki. Með þessu óvænta bragði varð til andrúmsloft hugkvæmni, léttleika og spennu með tengingum á milli sala og hæða. Sýningin er innsetning með 135 verkum eftir 33 konur, 36 karla og óþekkta listamenn.

Ýmist listafólk

Various artists

North Rooms

Creating from the Collection

A sonata in 7th major, clear, white, blue, brown and black with golden and silver nuances. The exhibition draws on different ideologies, methods and techniques, but yet the works form a harmony. It refers to the museum's first opening in 1998, when for the first time in the history of Icelandic art, a single display brought together contemporary art, folk art, mass-produced goods, natural objects, photographs and handicrafts. With this unexpected trickery, an atmosphere of ingenuity, lightness and excitement was created with a flow between the rooms of the museum. The exhibition contains 135 works by 33 women, 36 men and unknown artists.



Aldarminning

Rithöfundurinn Thor Vilhjálmsson teiknaði án afláts hvar sem hann var staddur og má segja að afraksturinn sé ein viðamikil rannsókn. Í hluta þeirra tæplega sex þúsund teikninga sem safnið á eftir hann eru dregin upp andlit karlmannna í blek- og blýantsteikningum með breiðum og grönnum stökum til skiptis, dökkum og ljósum formum, fastmótaðri skyggingu eða létttri sveiflu. Þær eru gerðar af miklu öryggi á árunum 1950–1954, og byggja á ríkri persónulegri tilfinningu, reynslu og skilningi hans á eðli og tilvist mannsins.

Thor Vilhjálmsson
(1925–2011)

Centenary

The Icelandic author Thor Vilhjálmsson drew incessantly wherever he was, and it can be said that the result is a visual exploration. The collection holds just under six thousand drawings. This selection depicts masculine faces in ink and graphite, alternating between broad and thin strokes, dark and light shapes, fixed shading or a slight swing with the pencil. They were made in 1950–1954 and are based on rich personal emotions, experiences and instinctive perceptions, showing the author's understanding of human nature.



Blómalist

Nýlega gaf Kristján Jón safninu fimm klippimyndir og eru þrjár þeirra hér til sýnis. Verkin kallast á við textílverk ókunnra kvenhöfunda í eigu safnsins, með blómakerum, blöðum og rósum. Það mætti geta sér til að þessar myndir hafi verið gerðar undir fjarlægum áhrifum af sjónabókum og útsaumi, jafnvel gömlum útskurði. Verkin mynda innbyrðis tengsl í salnum og auka hrifnæmi sýningargesta. Safnið hefur frá upphafi bent gestum sínum á að útsaumur sé list, hvort heldur sem hann birtist í nytjahlutum eða skrautgripum eins og púðum og veggteppum.

Kristján Jón Guðnason
Ókunnir höfundar
Unknown artists

Flowerart

Guðnason donated five collages to the museum last year and three of them are on display. They were chosen for their similarity to patterns found in ornament books, embroidery, and even old carvings. The flowerpots, petals and roses, are reminiscent of textiles in the museum's collection made by unknown female artists. They are paired together to form interconnections and please the viewer's sensibilities. The museum has long highlighted the artistry of embroidery, whether it appears in utilitarian or decorative objects.



Skautbúningur

Magnhildur saumaði skautbúninginn sem er hér til sýnis og bjó til silfurnæluna. Búningurinn var hannaður af Sigurði Guðmundssyni málara (1833–1874) í Reykjavík, í samráði við konur og áhugasamar hannyrðakonur á árunum 1857–1860, í því augnamiði að honum skyldi skarta á sérstökum hátíðarstundum.

Verslun Ásgeirs G. Gunnlaugssonar & Co. var í Austurstræti í Reykjavík og í eigu sömu fjölskyldu frá 1907 til 2006 þegar hún var lögð niður. Í dag eru innréttingar verslunarinnar notaðar í Safnasafninu sem umgjörð um sýningar tengdar textíl, hannyrðum og handverkshefðum.

Magnhildur Sigurðardóttir

Icelandic National Costume

Sigurðardóttir made the the Skautbúningur costume and the silver brooch on display. This costume is a type of traditional attire with a high headdress. It was originally designed in Reykjavík in 1860 by the painter Sigurdur Guðmundsson (1833–1874). He made it in consultation with women who were experts in needlework, with the aim of creating a formal version of the national costume for women.

Ásgeir G. Gunnlaugsson & Co. was a clothing and textile store in Reykjavík that ran in the same family from 1907 to 2006 when it closed down. Today, the shop's fixtures are used to frame exhibitions relating to textiles, needlework and handicrafts.



Suðurstofa

Hvítsaumur

Hvítsaumur er yfirheiti yfir saumspor sem eru saumuð með hvítu garni á hvítt undirlag, oftast hör eða bómull. Uppruna sporanna má rekja til Frakklands, en vinsældir þeirra bárust hratt um Evrópu og þau urðu sértæk eftir löndum. Má þar nefna Feneyjasauminn, enska sauminn, danska Hedebo-sauminn og hinn norska Harðangurssaum. Til Íslands barst hvítsaumurinn þó ekki fyrr en í lok 19. aldar, þá frá Danmörku. Þegar húsmæðraskólarnir hófu starfsemi sína varð hvítsaumurinn vinsæll á meðal nemenda og barst hann með þeim um landið allt. Sýningin er sett upp til kynningar og fræðslu á hvítsaumi úr eigu safnsins, vegna sérstæðis í verklagi og nákvæmra vinnubragða.

Ýmsar listakonur

Various artists

South Room

Whitework

Whitework is the generic term for stitches that are sewn with white yarn onto a white substrate, usually linen or cotton. The origins of the stitch can be traced back to France, but it quickly became popular in wider Europe. It evolved into other forms of stitching such as Richerlie or Venetian embroidery, Broderie Anglaise in England, the Danish Hedobo stitch and Hardanger stitching from Norway. Whitework embroidery came to Iceland from Denmark at the end of the 18th century, and when the housewives' schools began operating, it became widely popular and spread around the country. The display is arranged to introduce the unusual methods and precision of whitework.



Römm er sú taug

Þorbjörg fæddist á Strandarhjáleigu í Vestur-Landeyjum í Rangárvallasýslu og kenndi sig alltaf við þann stað. Hún var lengst af vinnukona og vann almenn bústörf, en um sjötugt þegar heimilis-annirnar voru að baki tók hún að sauma út myndir. Mynstrin skapaði hún sjálf og með breytilegum útsaumssporum og litum öðluðust myndverkin dýpt og mismunandi áferðir. Útsaumsverk Þorbjargar eru fjölmörg og má telja að þau hafi verið nýmæli í listsköpun á Íslandi. Strandarhjáleiga var algengasta myndefnið en hún gerði ekki færri en sex verk sem sýna húsakynni hennar kæra æskuheimilis. Í ár eru 150 ár liðin frá fæðingu hennar.

Þorbjörg Halldórsdóttir
(1875–1979)

Strong is the Bond

Halldórsdóttir was born in Strandarhjáleiga in southwest Iceland, and always identified closely with her place of birth. For most of her adult life she worked as a farmhand but in her seventies, when she retired, she began to embroider. She designed her own patterns, and with assorted embroidery stitches and colours, her artworks gained depth and varied textures. Halldórsdóttir's numerous embroidery works can be considered an artistic novelty in Iceland. Her place of birth was her most frequent subject matter and she made at least six works showcasing her beloved childhood home. This year marks the 150th anniversary of her birth.



Stigaloft

Hólsfjöll og Herðubreið

Brynhildur hefur um árabíl steypt Herðubreið í litað gler, upphaflega í hvítleitum tón sem gefur fjallinu efnislegt gagnsæi og dýpt og dulúð. Hún jók svo frumlitunum við til að fá meiri fjölbreytni. Stefán Valgeir Jónsson frá Möðrudal á Fjöllum, eða Stórval, hafði mikið dálæti á Herðubreið og bregður henni fyrir í verkum hans ásamt Hólsfjöllum sem hér eru meira áberandi. Hann notaði öflug form fjallanna til að tjá fjölbreytileg tilbrigði birtu og skugga. Stórval málaði Herðubreið og Hólsfjöll endurtekið í sterkum litum á breiðum skala til að móta og endurlifa fjallasýn bernsku sinnar.

**Stórval – Stefán Valgeir Jónsson
(1908–1994)**

Brynhildur Þorgeirsdóttir

Landing

Mountains

Þorgeirsdóttir has been casting the Herðubreið tuya in coloured glass for years. To begin with she used a whitish tone, giving it transparency and depth, but gradually added prime colours for variety. Jónsson, who is known by his artist name Stórval, also had a great fondness for Herðubreið and the mountains of Hólsfjöll. He used the powerful shape of the mountains to express the variations of light and shadow, and evoked his childhood landscape, as those mountains were an integral part of his upbringing.



Hallir ímyndanna

Árið 1962 þegar Ísleifur var kominn yfir sjö-tugt opnuðust hjá honum flóðgáttir sköpunarkraftsins og næsta áratug hélt hann átta einkasýningar þar sem hann sýndi yfir 200 málverk. Það eru nú komin yfir 50 ár síðan verkum Ísleifs var fyrst safnað saman og þau sýnd heildstætt eins og gert er á þessari sýningu. Verk hans tjá afdráttarlausa einlægni málarans gagnvart viðfangsefninu – hvort sem um ræðir þekkta staði eða sýnir listamannsins úr skáldaðri fortíð þar sem myndbirtast heiðavötn, klettamyndanir, skálar, seglskútur og hallir.

**Ísleifur Sesselíus Konráðsson
(1889–1972)**

Palaces of Projections

In 1962, when Konráðsson was over seventy years old, the floodgates of creativity opened for him, and over the next decade he held eight solo exhibitions where he exhibited over 200 paintings. This is the first time in over 50 years that so many of Konráðsson's works have been gathered and exhibited in one place. His works express unequivocal sincerity towards his subjects – whether he painted known places or imagery of his fictional past; depicting heath lakes, rock formations, pavilions, sail boats and palaces.



Bókastofa / Library

Í ár kynnum við nýja og endurbætta bókastofu. Í bókhöðunni eru ógrynni bóka og fræðirit um flestar helstu listgreinar, svo sem myndlist, hönnun, arkitektúr, textíl og handverk. Fræðafólk og gestir geta þar einnig fengið aðgang að upplýsingum um safneign, sýningahald og rannsóknir Safnasafnsins á alþýðulist og alþýðulistamönnum.

This year we are opening a new and improved museum library containing hundreds of books and a vast amount of source material about visual arts, design, architecture, textile and crafts. It also includes documents about the museum, its exhibitions since the outset, the collection, various papers on outsider art and artists, as well as the museum's own research and documentation.

Íbúð / Guest Residency

Í Safnasafninu er starfrækt fræðimanna-íbúð. Íbúðin er 67 fermetrar og getur hýst 4–5 manns, hún er með séringngangi og útbúin húsgögnum og eldunaraðstöðu. Íbúðin umvefur fólk með hlýju andrúmslofti liðins tíma og daðrar við sjóntaugarnar. Fræðimenn hafa aðgang að bókasafni og rannsóknum Safnasafnsins skv. samkomulagi. Áhugasamir geta einnig leigt íbúðina allt árið um kring, nánari upplýsingar eru á vefsíðu safnsins, www.safnasafnid.is.

An apartment is available to researchers at the Icelandic Folk and Outsider Art Museum. The self-contained residence is a 67m² apartment that can sleep four to five people. It has a private entrance, is fully furnished and has a kitchen. Scholars and researchers have access to the museum library and the museum's own material by agreement. The apartment is also available for rent all year round to the general public when available. For more information see the museum website, www.safnasafnid.is.



Rannsóknir og textar / Research and texts

Bryndís Simonardóttir, Eiríkur E. Guðmundsson,
Gunnhildur Walsh Hauksdóttir,
Niels Hafstein, Unnar Örn

Sýningarstjórar / Curators

Bryndís Simonardóttir, Gunnhildur Walsh Hauksdóttir,
Magnhildur Sigurðardóttir, Niels Hafstein,
Unnar Örn, Þórgunnur Þórsdóttir

Ritstjóri / Editor

Gunnhildur Walsh Hauksdóttir

Þýðing / Translation

Gunnhildur Walsh Hauksdóttir

Prófarkalestur / Proofreading

Uggi Jónsson & Cormac Walsh

Stjórn Safnasafnsins / Board of trustees

Niels Hafstein, Magnhildur Sigurðardóttir, Unnar Örn,
Gunnhildur Walsh Hauksdóttir, Þórgunnur Þórsdóttir,
Ragnar Kjartansson

Forsiðuverk / Cover artwork

Stórval – Stefán Valgeir Jónsson (1908–1994)

Ljósmyndir / Photographs ©

Daniel Starrason

/ Einar Falur Ingólfsson, Hrefna Lind Lárusdóttir

& Silja Rut Thorlacius

Hönnun / Design

Ármann Agnarsson

Prentun / Printing

Litróf hf.

Upplag / Print run

2200

Gjafir / Donations

Aðalheiður S. Eysteinsdóttir, Ásta Kristín Pálmadóttir,
Daði Guðbjörnsson, Dr. Guislain Museum, Guðmundur
Oddur Magnússon, Guðmundur Ármann Sigurjónsson
& Hildur María Hansdóttir, Gunnhildur Walsh
Hauksdóttir, Helgi Valdimarsson, Herenplaats, Inga S.
Ragnarsdóttir, Ingibjörg Richter, Ingibjörg Styrgerður
Haraldsdóttir, Jasa Baka, Jóhanna Daðadóttir, Kees
Visser, Laufey Jónsdóttir, Le Chatillon, Listasafn
Árnessýslu, Liv G. Stefánsdóttir, Magnhildur Sigurðar-
dóttir, Margrét Pálsdóttir, Nini Tang, Niels Hafstein,
Rúri, Samlung Prinzhorn, Steingrímur Eyfjörð,
Steinunn Björg Helgadóttir, Sveinbjörg Hallgríms-
dóttir, Unnar Örn, Tómas Jónsson & Þórunn
Elísabet Sveinsdóttir, Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir,
Vin í Reykjavík, Örn Karlsson

Lán á listaverkum / Works on loan from

Eiríkur G. Guðmundsson, Guðmundur Jónsson,
Guðný J. Helgadóttir, Skúli Gunnlaugsson, Unnar
Örn, Björn Þrándur Björnsson, Gunnþór Þórarinnsson,
Ásta Ólafsdóttir, Halla Ásgeirsdóttir, Gnúpur
Halldórsson, Hildur Guðmundsdóttir, Þjóðminjasafn
Íslands / National Museum of Iceland

Aðstoð við undirbúning / Preparation assistance

Birgir Húni Haraldsson og Haraldur Nielsson,
Birgir Pétursson og Patrekur Páll Birgisson, Bryndís
Simonardóttir, Eiríkur Guðmundsson og Halla
Bogadóttir, Fablab Akureyri, Gallerí Fold, Gyða Dröfn
Árnadóttir, Háskólinn á Grænlandi / University of
Greenland, Inger Jensen, Jenný Jóakimsdóttir,
Jenný Karlsdóttir, Laufey Jónsdóttir, Sigríður
Jónsdóttir, Tómas Jónsson og Þórunn Elísabet
Sveinsdóttir, Þjóðminjasafn Grænlands / Greenland
National Museum and Archives, Þóra Sigurðardóttir

Styrkir / Funding

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið /
Ministry of Culture, Innovation and Higher Education,
Menningar- og viðurkenningsjóður KEA / KEA
Cultural Fund, Myndlistarsjóður Íslands / Icelandic
Visual Arts Fund, Safnaráð / Museum Council of
Iceland & Svalbárðsstrandarhreppur /
Svalbárðsströnd District
Guðrún H. Bjarnadóttir & Viðar Eggertsson

Allur réttur áskilinn / All rights reserved



SWALBÁRÐSSTRANDAR-
HREPPUR



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Myndlistarsjóður
Icelandic
Visual
Arts Fund



Safnasafnid
The Icelandic Folk and
Outsider Art Museum
+ 354 461 4066
safngeymsla@simnet.is
www.safnasafnid.is

Opíð / Open 11.05.–21.09.2025
Opnunartími / Opening hours
10:00–17:00

Tekið er á móti hópum eftir samkomulagi
Group visits by arrangement



SAFNARÁÐ
The Museum Council of Iceland

Listafólk / Artists

Aðalheiður Sigríður Eysteinsdóttir, Anna Hallin, Anna Líndal, Arnar Herbertsson, Árni Ingólfsson, Ásgeir Jón Emilsson, Berglind María Tómasdóttir, Birgir Andrésson, Birta Guðjónsdóttir, Bjarki Bragason, Bjarni H. Þórarinsson, Bjarni Vilhjálmsson, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Chris Hipkiss, Daníel Þorkell Magnússon, Davíð Brynjólfsson, Douwe Jan Bakker, Einar Baldursson, Eygló Harðardóttir, Eyrún Sigurðardóttir, Finnur Arnar Arnarson, Guðbjörg Ringsted, Guðjón Ketilsson, Guðný Guðmundsdóttir, Gunnar S. Magnúss, Guðrún Hrönn Ragnarsdóttir, Halldóra Kristinsdóttir, Hannes Lárússon, Harpa Björnsdóttir, Haukur Halldórsson, Hálfdan Ármann Björnsson, Helgi Þórsson, Hekla Dögg Jónsdóttir, Helga Páley Friðbjófsdóttir, Helga Pálína Brynjólfssdóttir, Helgi Þorgíls Friðjónsson, Helgi Valdimarsson, Henrik Flagstad, Hildigunnur Birgisdóttir, Hjalti Skagfjörð Jósefsson, Hjörtur Guðmundsson, Hrefna Lind Lárusdóttir, Hreinn Friðfinnsson, Huglist, Huginn Þór Arason, Hugo Zubler, Hulda Vilhjálmssdóttir, Ísleifur Sesseliús Konráðsson, Ívar Valgarðsson, Jenný Karlsdóttir, Joris Rademaker, Jón Laxdal,

Kees Visser, Kelly Parr, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá, Kristín Reynisdóttir, Kristján Jón Guðnason, Laufey Jónsdóttir, Magnhildur Sigurðardóttir, Magnús Kjartansson, Magnús Pálsson, Margrét Jónsdóttir, Margrét M. Norðdahl, María Jacobsen, María Sjöfn Dupius Davíðsdóttir, Niels Hafstein, Olga Bergmann, Ólafur Lárússon, Ragnar Bjarnason, Ragnar Kjartansson eldri, Ragnheiður Þóra Ragnarsdóttir, Rósa Sigrún Jónsdóttir, Rúna Þorkelsdóttir, Rúrí, Sara Riel, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigurlín Sigurgeirsdóttir, Soffía Sæmundsdóttir, Stefán Fjólan Júlíusson, Stefán Valgeir Jónsson, Steingrímur Eyfjörð, Sæmundur Valdimarsson, Thor Vilhjálmsson, Unnar Örn, Valborg Salóme Ingólfssdóttir, Valdimar Bjarnfreðsson, Valdimar Kristján Guðmundsson, Þorbjörg Halldórsdóttir, Þorsteinn Úlfar Björnsson, Þór Vigfússon, Þórdís Alda Sigurðardóttir, Nemendur í leikskólanum Álfaborg / Álfaborg preschool, Nemendur í Valsárskóla / Valsárskóli elementary school & Ókunnir höfundar / Unknown artists